

Atvinnuveganefnd Alþingis
Málefнасvið: Orkumál
Þingskjal 495 - 430 mál



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 17. maí 2023

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi.

Vísað er til þingskjals 495 – 430. mál á 153. löggjafarþingi 2022-2023 þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til frumathugunar stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi. HS Orka þakkar fyrir umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefndinni.

HS Orka fagnar því að Alþingi beini sjónum sínum á framleiðslu á rafeldsneyti og telur mikilvægt líkt og Alþingi að leita þurfi fleiri grænna orkugjafa til að styðja við orkuskiptin og komast nær markmiðum um kolefnishlutleysi. HS Orka tekur undir að jákvætt sé að lönd séu sjálfbær í orkuöflun en bendir á að mögulega henti ákveðnar tegundir rafeldsneytis betur til framleiðslu innanlands en að aðrar sé hagkvæmara að framleiða erlendis. Inn- og útflutningur á rafeldsneyti geti því verið í góðri sátt við markmið ríkisstjórnarinnar enda snúast þau um sjálfbærni en ekki sjálfsþurft. Jafnframt er bent á að útflutningur getur fært rafeldsneytisframleiðanda stærðarhagkvæmni sem getur ýtt undir hagkvæm orkuskipti innanlands, sérstaklega í upphafi á meðan innlend eftirspurn eftir rafeldsneyti er að vaxa.

Tillagan nefnir réttilega að til að rafeldsneytisframleiðsla geti orðið samkeppnishæf til framtíðar þurfi hún að vera á hagstæðu verði. HS Orka bendir á að í dag er slíkt ekki mögulegt án ríkisstuðnings í formi fjárfestingastyrkja til rafeldsneytisframleiðanda, niðurgreiðslu á orkuverði, niðurgreiðslum á verði rafeldsneytis til notanda og/eða kolefnisskatt á jarðefnaeldsneyti eða blöndu af þessu öllu. Erlend ríki hafa mörg kosið þessar leiðir og gildir þá einu hvort rafeldsneytisframleiðandinn er í ríkis- eða einkaeigu. Þar með er þó ekki tryggt að rafeldsneytisframleiðslan skili arði og þá áhættu taka fjárfestar.

Í þingsáályktunartillögunni er vísað til Equinor, alþjóðlegs stórfyrirtæki í orkuframleiðslu sem skráð er á hlutabréfamarkað sem mögulegrar fyrirmyndar að ríkisfélagi um rafeldsneyti og bent á árangur við uppbyggingu olíusjóðs Norðmanna. HS Orka telur að hér gæti ákveðins misskilnings. Equinor er frumframleiðandi orku sem seld er á markaðsverði, aðallega til útflutnings. Equinor hefur beinan aðgang að náttúruauðlindum. Olíusjóður Norðmanna byggir upphaflega á tekjum norska ríkisins af olíuöndnaði landsins sem í heild byggir á markaðslögmálum og útflutningi. Erfitt er að sjá hvernig slíkt getur verið fyrirmynd ríkisfyrirtækis í rafeldsneytisframleiðslu sem verður háð ríkisstuðningi um langa hríð til að ná arðsemi.

Sé vilji stjórnvalda að styðja við orkuskiptin með framleiðslu á grænum orkugjöfum hérlendis væri að mati HS Orku hagkvæmara að stjórnvöld einblíni á aðgerðir, líkt og taldar eru upp hér að framan, til að gera framleiðslu á grænu orkugjöfum arðbæra án þess að ríkið tæki viðbótaráhættu í formi hlutafjár. Fjárfestar gætu tekið slíkt hlutverk að sér.

Virðingarfyllt,

f.h. HS Orku hf.

Jón Ásgeirsson

Framkvæmdastjóri stefnumótunar og Auðindagarðs.



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. maí 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi, 430. mál. Þess ber að geta að tillaga þessi var ekki send SI til umsagnar en samtökin gæta hagsmuna fyrirtækja í vetnis- og rafeldsneytisstarfsemi hér á landi. Til að mynda eru starfsrækt innan samtakanna Vetnis- og rafeldsneytissamtökin (VOR) og því varðar mál þetta verulega hagsmuni fyrirtækja innan SI.

Eins og fram kemur í fyrirleggjandi tillögu að þingsályktun felur hún í sér að ríkisstjórninni verði falið að taka til frumathugunar stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi. Litið verði við þessa frumathugun til starfsemi Equinor í Noregi, fyrrum Statoil.

Í greinargerð með tillögunni segir svo m.a. að leita þurfi fleiri grænna orkugjafa til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Framleiðsla rafeldsneytis sem vetnis eða annars rafeldsneytis í formi ammóníaks, metanóls eða metans, eru græn tækifæri sem bíða þess að vera nýtt. Framleiðsla rafeldsneytis á Íslandi er talin vera ábatavæn og mikilvægt framlag í baráttu okkar gegn loftslagshlýnun. Þá segir einnig að aðgengi að rafeldsneyti þurfi að vera til staðar og til að framleiðslan geti orðið samkeppnishæf til framtíðar þurfi hún að vera á hagstæðu verði. Eftirspurn eftir grænu vetni sem framleitt hefur verið með rafgreiningu vatns og endurnýjanlegri orku, samhliða markmiðum í loftslagsmálum, mun einungis fara vaxandi á komandi árum.

SI taka heilshugar undir þá þætti sem að framan eru raktir um mikilvægi þess að stuðla hér á landi að framleiðslu á vetni- og rafeldsneyti og þannig tryggja um leið orkusjálfstæði Íslands er viðkemur eldsneyti vegna yfirstandandi orkuskipta og aukinnar eftirspurnar á orku og orkugjöfum samhliða þeirri umbreytingu.

Eins og skýrt kemur fram á vefsíðunni [Orkuskipti](#), sem unnin var sameiginlega af SI, Landsvirkjun, Samorku og Eflu, er hindrun í vegi fyrir orkuskiptum og framleiðslu á grænu eldsneyti ekki fyrirkomulag fyrirtækja í þeirri framleiðslu heldur viðvarðandi skortur á framboði orku. Ekki er því ljóst hvernig opinbert eignarhald á fyrirtæki í framleiðslu á grænu eldsneyti eigi að leysa þann vanda og hraða orkuskiptum.



Þar fyrir utan gjalda SI þess varhug að hér verði komið á ríkisstarfsemi, í raun einokun í skjóli eignarhalds ríkisins, um framleiðslu á vetni og rafeldsneyti. Ítrekast í þessu samhengi að hér á landi eru nú þegar starfandi fyrirtæki sem hafa framleiðslu á grænum orkugjöfum að markmiði. Er jafnt um að ræða fyrirtæki sem hafa nú þegar komið sér upp aðstöðu og innviðum til slíkrar starfsemi eða hafa hafið undirbúning. Ljóst er að þekking og tækni til framleiðslu á rafeldsneyti er svo sannarlega til staðar en það sem skortir eru tiltekna grunnstoðir og að framboð á orku sé til staðar til framleiðslunnar.

Kemur þá til álita hvert hlutverk íslenska ríkisins og fyrirtækja í opinberri eigu til að stuðla að framleiðslu á grænu vetni og/eða rafeldsneyti ætti að vera. Í því samhengi telja SI heppilegra, og að sama skapi í samræmi við samevrópskar reglur á sviði samkeppnisréttar og ríkisaðstoðar, að íslenska ríkið og fyrirtæki í þeirra eigu stuðli að bættum starfsskilyrðum þannig að framleiðsla á grænu eldsneyti verði að veruleika hér á landi og verði samkeppnishæf því sem víða þekkist erlendis.

Í þessu samhengi telja SI að réttast væri að tryggja að til staðar séu innviðir og framboð á orku til framleiðslu á grænu eldsneyti. Þannig kæmi til álita að fyrirtæki í opinberri eigu tryggi að til staðar sé raforka sem unnt væri að bjóða út til framleiðslu á grænu eldsneyti. Að sama skapi þarf að tryggja að til staðar séu innviðir til flutnings á raforku um landið allt sem og innviðir er viðkoma ólíkum orkugjöfum, þ.e. að tæknihlutleysi orkugjafa sé viðhaft við slíka uppbyggingu.

Í fyrirbyggjandi tillögu er enn frekar vísað til framkvæmdar í Noregi þar sem segir að með stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu sem yrði í meirihlutaeigu ríkisins væri tryggt að stærsti hluti ábatans af framleiðslunni renni til þjóðarinnar. Ef horft er til Noregs og stofnunar ríkisolúfélagsins Statoil árið 1972 ætti öllum að vera ljós ábati norska ríkisins af þeirri ákvörðun. Norski olúsjóðurinn er einn sá stærsti í heiminum í dag og hefur gerbreytt stöðu Norðmanna til uppbyggingar innviða og þjónustu við íbúa um allan Noreg. Ísland er í kjörstöðu til að nýta auðlindir sínar til framleiðslu rafeldsneytis, bæði fyrir innanlandsframleiðslu og mögulega til útflutnings, og styrkja þannig tekjustofna ríkissjóðs.

Hvað þetta varðar benda SI á að hafið er upp yfir allan vafa að nú þegar er ríkissjóður að njóta arðs af orkuframleiðslu í gegnum eignarhald sitt á opinberum fyrirtækjum sem þjónusta innlend fyrirtæki í iðnað. Nægir hér að vísa m.a. til nýlegs [briggja mánaða uppgjörs](#) Landsvirkjunar sem birt var 15. maí sl. Eins og fram kemur í skýringum forstjóra Landsvirkjunar við það uppgjör jókst hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem endurspeglar afkomu grunnrekstrar Landsvirkjunar, um ríflega 40% frá sama fjórðungi ársins 2022. **Rekstrartekjur jukust um tæplega fimmtung frá fyrra ári, sem skýrist af aukinni raforkusölu, háu raforkuverði til stórnotenda** [leturbreytingar SI] og tekjum vegna innleysta áhættuvarna.

Þá segir einnig í skýringum forstjóra Landsvirkjunar að fyrirtækið vinni nú hörðum höndum að því að afla tilskilinna leyfa til uppbyggingar raforkuvinnslu til að uppfylla þá orkupörf sem augljóslega er í samfélaginu, bæði almennt og vegna orkuskipta. Því er ljóst að sýn m.a. Landsvirkjunar er að hlutverk fyrirtækisins sé að tryggja framboð á



raforku til orkuskipta sem endurspeglar ólík hlutverk aðila í virðiskeðju vetnis- og rafeldsneytisstarfsemi hér á landi, þ.e. eins og áður segir að hið opinbera tryggji að orka og innviðir séu til staðar til að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins er viðkemur starfsemi á borð við framleiðslu á grænu eldsneyti. Í því samhengi ítreka SI þá staðreynd að fjölbreytt flóra fyrirtækja í virkri samkeppni ýtir undir nýsköpun og að fjárfest verði í rannsóknum og þróun á þessu sviði. Samþjöppun á samkeppni undir forræði hins opinbera er því líkleg til að hindra slíkar framfarir.

Í ljósi þessa skora SI á Alþingi og stjórnvöld að leggja frekar áherslu að leysa þau mál sem staðið hafa í vegi fyrir frekari orkuöflun, uppbyggingu á raforkuinnviðum, flækjustigi leyfisveitinga á þessu sviði o.s.frv. í stað þess að hefja nýja tegund atvinnustarfsemi í ríkisstyrktu fyrirtæki og skerða þar með samkeppnisskilyrði í framleiðslu á vetni- og/eða rafeldsneyti.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og óska þess um leið að funda um efnið með nefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála